

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 229/2013

2014/EES/29/16

frá 13. desember 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 18.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1216/2011 frá 24. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66x (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005):
„– **32010 R 0691**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 18.“
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 66x (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005):
„66xa. **32010 R 0691**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu (Stjtið. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 18, eins og henni var breytt með:
– **32011 R 1216**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1216/2011 frá 24. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðins „framkvæmdastjórnin“ í 3. gr. komi orðin „fastanefnd EFTA-ríkjanna“.
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. mgr. 13 gr.:
„Ef matið varðar frammistöðuáætlanir, sem tengjast einu eða fleiri aðildarríkjum ESB og einu eða fleiri EFTA-ríkjum, skal Eftirlitsstofnun EFTA gera matið að því er varðar EFTA-ríki(n) og framkvæmdastjórnin að því er varðar aðildarríki ESB. Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu starfa saman í því skyni að komast að sömu niðurstöðu.“
- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. mgr. 14. gr.:
„Ef matið varðar frammistöðumarkmið, sem tengjast einu eða fleiri aðildarríkjum ESB og einu eða fleiri EFTA-ríkjum, skal Eftirlitsstofnun EFTA gera matið að því er varðar

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 3.

EFTA-ríki(n) og framkvæmdastjórnin að því er varðar aðildarríki ESB. Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu starfa saman í því skyni að komast að sömu niðurstöðu.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. mgr. 17. gr.:

„Ef starfrænt loftrýmisumdæmi tekur til loftrýmis eins eða fleiri aðildarríkja ESB og eins eða fleiri EFTA-ríkja, skal Eftirlitsstofnun EFTA framkvæma þau verkefni og fara með þær valdheimildir sem koma fram í þessum lið að því er varðar EFTA-ríki(n) og framkvæmdastjórnin að því er varðar aðildarríki ESB. Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu starfa saman í því skyni að komast að sömu niðurstöðu.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 3. mgr. 17. gr.:

„Ef frammistöðuáætlanir og frammistöðumarkmið, sem tengjast einu eða fleiri aðildarríkjum ESB og einu eða fleiri EFTA-ríkjum, skulu framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA starfa saman í því skyni að senda nefnd um samevrópskt loftrými sameiginlega skýrslu um hvort frammistöðumarkmið hafi náðst.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 691/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2013 frá 13. desember 2013 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(3) Stjttíð. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 29, 22.5.2014, bls. 24.